



Reglur Keilusambands Íslands, KLÍ um sóttvarnir vegna COVID-19

17. ágúst 2020

Almennt

Markmið þessara reglna er að tryggja, eins og best verður á kosið, að umgjörð leikja og æfinga í keilu verði með þeim hætti að hægt sé að halda áfram starfsemi KLÍ á Íslandi, þrátt fyrir að COVID-19 sé enn við lýði í íslensku samfélagi og útlit sé fyrir að svo verði á komandi keppnistímabili 2020 til 2021 eða lengur.

Markmiðið er einnig að lágmarka eins og kostur er áhættuna á því að þátttakendur í keilu, iðkendur sem og starfsfólk húsa og eða félaga, smitist af COVID-19 komi smitaður einstaklingur á æfinga eða keppnisstað. Mikilvægt er að öllum þátttakendum í keilu sé gert það ljóst að ekki er hægt að útrýma sýkingarhættu að öllu leyti.

Reglur þessar fela í sér aðskilnað hópa eftir því sem nauðsyn krefur t.d. leikmanna/þjálfara frá almennum starfsmönnum félaga/aðstöðu. Auk þess fela þessar ráðstafanir í sér ítarlegri leiðbeiningar um almenna sóttþreinsun búnaðar sem notaður er í keppni og á æfingum en áður hefur verið hér á landi.

Jafnframt er hér fjallað um ráðstafanir sem nauðsynlegar eru varðandi fjarlægðarmörk innan einstakra hópa, t.d. leikmanna, þjálfara og dómara.

Hverju félagi verður gert að skipa sérstakan **sóttvarnarfulltrúa** sem ber ábyrgð á því að farið sé eftir þeim reglum sem nefndar eru í þessu skjali. Það er jafnframt á ábyrgð sóttvarnarfulltrúa að tryggja að allir aðilar viðkomandi félagsins séu meðvitaðir um þessar reglur. Sóttvarnarfulltrúi skal tryggja að iðkendur, þjálfarar og allir aðrir starfsmenn félaga þekki til almennra sóttvarnaáðgerða og að þeim sé fylgt. Sóttvarnarfulltrúi ber einnig ábyrgð á því að allir fyrrnefndir aðilar þekki til helstu einkenna COVID-19. Iðkanda eða starfsmanni félags, sem finnur fyrir einkennum, er óheimilt að umgangast félaga sína eða starfsmenn félagsins. Sóttvarnarfulltrúa ber að tryggja að þessu sé fylgt án nokkurra undantekninga.

Leikmaður sem sýkst hefur þarf eins og aðrir að halda sig í einangrun þar til liðnir eru a.m.k. 14 dagar frá greiningu/jákvæðu sýni (greiningarprófi) og að hann/hún hafi verið einkennalaus í a.m.k. 7 daga. Áður en að leikmaður getur hafið æfingar og keppni á ný þarf mat læknis til staðfestingar á að hann/hún sé leikfær samkvæmt fyrirbyggjandi leiðbeiningum. Aðrir leikmenn og starfsmenn hlutaðeigandi félags, sem verið hafa í samskiptum við viðkomandi einstakling, geta þurft að fara í sóttkví í allt að 14 daga.

Leikmanni eða starfsmanni liðs, sem finnur fyrir einkennum, er óheimilt að umgangast liðsfélaga sína eða starfsmenn liðsins.

Einkenni COVID-19:

- Hósti
- Hiti
- Andþyngsli

KEILUSAMBAND ÍSLANDS

- Hálssærindi
- Slappleiki
- Bein- og vöðvaverkir
- Skyndileg breyting eða tap á bragð- og lyktarskyni

Ef leikmaður eða annar einstaklingur innan félags, eða fjölskyldur þeirra, fær einkenni sem geta bent til COVID-19:

- Viðkomandi skal halda sig heima og alls ekki mæta á æfingasvæði eða leikvang
- Hafa skal samband við heilsugæslu símleiðis eða í gegnum netspjall á heilsuvera.is eða við Læknavaktina í síma 1700 svo unnt sé að framkvæma próf fyrir COVID-19 án tafar.
- Það er mjög mikilvægt að fara ekki í eigin persónu á heilsugæslu eða Læknavaktina, án þess að hringja fyrst.
- Heilbrigðisstarfsfólk veitir ráðleggingar um næstu skref.

Skýrar leiðbeiningar um sóttþreinsun skulu vera aðgengilegar eins víða í mannvirki og kostur er. Notast skal við veggspjöld sem aðgengileg eru á covid.is (<https://www.covid.is/veggspjold>). Veggspjöld skulu vera sýnileg í búningasklefum, á leikmannagangi, í starfsmannaaðstöðu, í áhorfendasvæði og alls staðar annars staðar í mannvirki þar sem einhver umgangur fólks er. Veggspjöld sem minna á tveggja metra nálægðarviðmið skulu vera sérstaklega áberandi á öllum þessum stöðum. Það er á ábyrgð sóttvarnarfulltrúa heimaliðs að tryggja að leiðbeiningar séu aðgengilegar.

Reglur þessar gilda frá 14. ágúst til miðnættis 27. ágúst í samræmi við auglýsingu heilbrigðisráðuneytis dags 12. ágúst sl. og minnisblað sóttvarnarlæknis um takmörkun á samkomum vegna farsóttar.

Stjórnvöld endurmeta þörf á takmörkuninni eftir því sem efni standa til, þ.e. hvort unnt sé að aflétta henni fyrr eða hvort þörf sé á að framlengja gildistíma hennar.


Reglur þessar taka ekki til barna sem eru fædd árið 2005 og síðar. Athuga ber að fullorðnir þurfa engu að síður að virða nálægðarmörk gagnvart börnum og ungmennum.

Keilusalir og skilgreining á aðstæðum

Aðeins er leikin keila í tveimur húsum á Íslandi, Keiluhöllinni Egilshöll og Keilusalnum á Akranesi. Þessir staðir eru mjög ólíkir og verður farið nánar í þá hér á eftir.

Aðstæður almennt í keilusal eru þannig að brautir liggja í röð, hlið við hlið. Hver braut er um 1,5 metri og brautarpar er um 3,5 metrar á breidd með sameiginlegum búnaði. Á Akranesi eru 3 brautir samhliða. Í Egilshöll liggja allar 22 brautirnar saman en á þrem stöðum er víðara bil milli brautarpara þar sem súlur standa. Á skýringamynd 1 má sjá hvernig almennur salur með 20 brautum samhliða lítur út.

Þeir sem æfa og eða keppa í keilu hvar sem er nota öllu jafna eigin búnað og er því búnaður keilusalanna sára sjaldan notaður.



Mynd 1- 20 brauta keilusalur

Keilusalurinn Akranesi

Akranes er t.d. aðeins með 3 brautir og enn sem komið er eingöngu fyrir keilu innan ÍA. Hámarksfjöldi inn í hús er mjög takmarkaður og öllu jafna eru ekki nema að hámarki 20 í rýminu á hverjum tíma. Ekki er talin þörf á að svæðaskipta húsinu vegna áðurnefndra aðstæðna.

Keiluhöllin Egilshöll (KHE)

KHE er hins vegar annað mál. Þar er æft og keppt í keilu í húsi sem er í einkaeigu og opið almenningi. KHE hefur verið mjög ábyrgt í því hvernig þau taka á COVID-19 málum. Aðstöðunni er svæðaskipt með grindum þannig að fólk kemst ekki auðveldlega milli hólfra, veitingasalan er t.d. stúkuð af frá keiluaðstöðunni. Sé keppni eða æfingar á öllum brautum KHE mun heildarfjöldi aðila á svæðinu aldrei fara yfir 80 til 90 manns.

Fyrirkomulag æfinga og keppni aðildarfélaga innan KLÍ

Aðildarfélögum KLÍ sem iðka keilu ber að fara eftir þessum reglum.

Æfingar

- Loka skal æfingasvæðinu fyrir utanaðkomandi aðilum, gert í samráði við staðarhaldara.
- Á æfingum skal sjá til þess að iðkendur sem fæddir eru 2004 og síðar sé haldið frá öðrum iðkendum þ.e. ekki á sama brautarpari.
- Iðkendur fæddir 2005 og síðar þurfa að gæta að eigin búnaði þannig að aðrir eldri iðkendur noti ekki þann búnað sem iðkendur eiga/hafa.

KEILUSAMBAND ÍSLANDS

- Allir þ.e. þjálfarar, starfsfólk eða aðrir fæddir 2004 eða fyrr skulu setja upp andlitsgrímu áður en komið er á leikmannasvæði enda er þar ekki hægt að tryggja 2 metra fjarlægðarmörk milli aðila.
- Iðkendur þurfa ekki að bera andlitsgrímu á æfingu, eingöngu ef farið er af leikmannasvæði og verið innan um aðra þar sem ekki er hægt að tryggja 2 metra fjarlægð á meðan á æfingu stendur.
- Sé verið að nota búnað keilusalanna skal sótthreinsa þann búnað fyrir, ef óljóst er hvort og hvenær búnaður var þrifinn, og eftir notkun áður en næsti aðili notar búnaðinn.
- Sé þörf á snertingu þjálfara við iðkanda skal þjálfari vera klæðast latexhönskum en sjá til þess að henda þeim strax eftir meðhöndlun iðkanda og nýir settir upp áður en næsti iðkandi er snertur. Reyna skal að takmarka snertingu eins og kostur er.

Keppnir

- Loka skal keppnissvæðinu fyrir utanaðkomandi aðilum, gert í samráði við staðarhaldara.
- Í keppnum skuli allir þ.e. þjálfarar, aðstoðarfólk og aðrir sem fæddir eru 2004 eða fyrr setja upp andlitsgrímu áður en á leiksvæðið er komið enda er ekki hægt að tryggja 2 metra fjarlægðarmörk milli aðila.
- Keppendur þurfa ekki að bera andlitsgrímu í keppni, eingöngu ef farið er af leikmannasvæði og verið innan um aðra þar sem ekki er hægt að tryggja 2 metra fjarlægð á meðan á keppni stendur.
- Allar snertingar leikmanna eru óheimilar.
- Sameiginlegir hlutir líkt og vatnskönnur skulu ekki notaðar.
- Sé verið að nota búnað KHE skal sótthreinsa þann búnað fyrir og eftir notkun.

Áhorfendur

- Áhorfendur eru ekki leyfðir

Veggspjöld:

Veggspjöld/upplýsingaskilti og annað kynningarefni má finna á heimasíðunni www.covid.is
Veggspjöld má nálgast með því að smella á þennan tengil <https://www.covid.is/kynningarefni>